



Varðandi: Íbúðir í eigu Íbúðalánasjóðs á Akranesi
Málsnúmer: 1706042
Dagsetning: 25. september 2017

Greinargerð: Íbúðalánasjóður hafði samband við sveitarfélög með það í huga að bjóða þeim til viðræðna um möguleg kaup þeirra fasteigna í eigu sjóðsins innan viðkomandi sveitarfélags. Velferðar- og mannréttindaráð tók málið fyrir á fundi sínum og taldi þörf á að Akraneskaupstaður hefði yfir að ráða leiguhúsnæði fyrir skjólstæðinga sína. Ráðið vísaði ákvörðun sinni til bæjarráðs. Bæjarráð samþykkti að kannað yrði frekar verðmæti þeirra eigna Íbúðarlánasjóð sem voru í sölufarli.

Ákveðið var að skoða verðmæti einnar eignar sem talið er að geti nýst vel fyrir þá íbúa sem eru á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði og var gert tilboð í þá eign með fyrirvara um samþykki bæjarráðs.

Verðmæti eignarinnar að Einigrund 8, Akranesi, nr. 20120, var samkvæmt upplýsingum ILS var samkvæmt mati fasteignasala kr. 19.000.000.

Fulltrúi skipulags- og umhverfisviðs Akraneskaupstaðar skoðað íbúðina. Út frá þeirri skoðun og upplýsingum um kostnað við fyrirhugaðar framkvæmdir var tilboð í eignina kr. 17.600.000. Auk þess sem krafa var gerð um að seljandi greiddi þá upphæð sem búið var að samþykkja í hússtjórn kr. 1.600.000 vegna framkvæmda.

Gagntilboð barst frá ILS þar sem þess er getið að við verðlagningu sölueigna ILS sé gætt að öllum þeim þáttum sem hafa áhrif á verð eigna, sérstaklega markaðsaðstæðum á hverju svæði, tegund eigna, veltuhraða ofl. Í ljósi þess bauð ILS Akraneskaupstaða að kaupa Einigrund 8 nr. 20120 á kr. 19.000.000 sem er verðmat ILS á eigninni. Til að koma til móts við sveitarfélagið býður ILS Akraneskaupstað eignina til kaups á kr. 18.500.000. ILS mun jafnframt greiða hlut íbúðar vegna samþykktrar framkvæmda við eignina.

Svala Hreinsdóttir
sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs